

Úrskurðarnefndin hefur fengið samtals 414 mál til meðferðar, sem skiptast þannig eftir árum:

	1998	46
<i>Alþingi</i>	1999	60
<i>Erindi nr. Þ 130/1360</i>	2000	81
<i>komudagur 12.3.2004</i>	2001	61
	2002	71
	2003	77
það sem af er ári	2004	<u>18</u>
		414


Nefndin hefur frá upphafi til dags dato afgreitt 324 mál, 90 málum er því ólokið. Flestum málum lýkur með ítarelgum úrskurði og er algeng lengd þeirra 4 – 8 bls., en allmargir eru til muna lengri.

Frá 1. janúar 1998 til 15. júní 2001 var löglærður framkvæmdastjóri eini starfsmaður nefndarinnar, en þá var ráðinn ritari til starfa við skjalavörslu o.fl. í 45% starf. Það starfshlutfall hefur nú verið aukið í 70%. Hinn 1. mars 2002 var ráðinn lögfræðingur í fullt starf hjá nefndinni við úrvinnslu mála og til aðstoðar framkvæmdastjóra.

Hinn 1. júní 2003 var ráðinn lögfræðingur tímabundið í eitt ár til að hraða afgreiðslu uppsafnaðra mála og stytta afgreiðslutíma. Hefur aldur elstu mála lækkað verulega og er afgreiðslutími að styttest þó hann sé enn of langur. Það hefur verulega aukið annir hjá nefndinni að mjög hefur færst í vöxt að kærendur geri kröfu um að úrskurðað verði til bráðabirgða um að framkvæmdir verði stöðvaðar og ganga tveir úrskurðir í fjölmörgum málum af þessum sökum. Hafa þessi auknu og ófyrirséðu verkefni raskað nokkuð áætlunum nefndarinnar um afgreiðslur mála.

Rétt er að taka fram að ef frá er talinn allt of langur afgreiðslutími hafa störf nefndarinnar gengið vel og hafa úrskurðir hennar staðist skoðun, bæði fyrir dómstólum og hjá umboðsmanni Alþingis. Þrjú mál hafa farið fyrir dómstóla, þar af tvö til Hæstaréttar og hafa niðurstöður nefndarinnar verið staðfestar í öllum tilvikunum. Örfár kvartanir hafa verið bornar upp við umboðsmann Alþingis. Hefur hann að vonum gert athugasemdir við langan afgreiðslutíma og hefur tekið hann sérstaklega til athugunar. Efnislega hefur umboðsmaður hins vegar ekki gert umtalsverðar athugasemdir við verklag eða niðurstöður nefndarinnar í einstökum málum og hefur aldrei komið til þess að hann mæltist til þess að nefndin tæki eigin mál til meðferðar að nýju, en þess eru dæmi að nefndin hafi að hans ósk endurupptekið mál sem úrskurðuð höfðu verið af ráðherra á grundvelli eldri laga.

Reykjavík 10. mars 2004

  
Hjalti Steinþórsson framkvæmdastj.